

DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2008, föstudaginn 25. janúar var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn úrskurður í kærumáli nr. 10/2007:

Handknattleiksdeild Hauka

gegn

Knattspyrnufélaginu Fram, handknattleiksdeild

og

Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ).

Málið dæmir Bergþóra Sigmundsdóttir, formaður Dómstóls HSÍ.

Mál þetta er höfðað með kæru sem dagsett er 30. desember 2007, og móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 12:55. Málið var þingfest 25. janúar 2008 og dómtekið þann sama dag.

Fyrir liggja eftirfarandi dómskjöl:

Kæra handknattleiksdeildar Hauka (hér eftir nefnt Haukar), dags. 30. desember 2007.

Dómkröfur kæranda:

Með kæru, dags. 30. desember 2007, kæra Haukar framkvæmd og úrslit leiks Hauka gegn Knattspyrnufélaginu Fram, handknattleiksdeild (hér eftir nefnt Fram) í deildarbikarkeppni HSÍ sem leikinn var 29. desember 2007, og hófst kl. 16:30 og lauk rétt um kl. 18:00.

Krafa kæranda er að úrslit ofangreinds leiks verði gerð ógild og að leikurinn verði endurtekinn.

Málsástæður kæranda:

Í kæru Hauka eru málavextir raktir og segir að tímaverðir og dómara leiksins hafi gert þau mistök að skrá markaskorun í leiknum ranglega á þann veg að Fram var skráð með einu marki meira en þeir höfðu skorað. Í þessum jafna leik hafi þessi mistök haft gríðarleg áhrif og breytt að öllu leyti gangi leiksins. Dómurum og starfsmönnum leiksins hafi verið bent á mistökin á meðan að leik stóð og í hálfleik hafi blaðamenn einnig bent á mistökin, án þess að markaskorunin hafi verið leiðrétt.

Lagarök kæranda:

Kærandi byggir mál sitt á lögum HSÍ, reglugerð um aganefnd HSÍ og lögum ÍSÍ. Kæruheimild sé að finna í lögum HSÍ og lögum ÍSÍ. Þá vísar kærandi til almennra jafnræðisreglna og þess markmiðs íþróttastarfs að allir geti tekið þátt, og allar reglur sem takmarki þann rétt skuli skýra þröngt. Þá vísar kærandi til þeirra almennu réttarfars- og efnisreglna er gilda samkvæmt íslenskum lögum og geta átt við í þessu máli.

Niðurstaða dómsins:

Samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ (hér eftir dómstl.) skal dómsformaður svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. gr. geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir ágallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Samkvæmt dómi Áfrýjunardómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2002, skal gera þær kröfur við málsmeðferð dómstóls HSÍ að í öllum aðalatriðum sé farið eftir viðurkenndum meginreglum réttarfars.

Í 2. tl. 6. gr. dómstl. er tilgreint í 9 töluliðum hvaða form og efni kæra þarf að uppfylla til þess að mál verði tekið til meðferðar hjá Dómstóli HSÍ.

Í kæru Hauka frá 30. desember 2007 koma ekki fram þær upplýsingar sem skulu koma fram í kæru, sbr. 1. til 3. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., ekki er vísað til þeirra lagareglna sem við eiga til stuðnings dómkröfum, sbr. 6. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., heldur er eingöngu almennt vísað til laga, lýsing á helstu röksemdum er áfátt, sbr. 7. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á er áfátt og engin fylgigögn fylgja kærinni, sbr. 8. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl. og ekki er upptalið hvaða vitni kærandi mun kalla til við skýrslutöku, sbr. 9. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl.

Þá var kæran ekki lögð fram í tveimur eintökum eins og áskilið er, sbr. 3. mgr. 6. gr. dómstl.

Slíkir gallar eru því á kæru Hauka frá 30. desember 2007 að vísa verður málinu frá dómi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kæru Handknattleiksdeildar Hauka um framkvæmd og úrslit leiks Hauka og Fram í deildarkeppni HSÍ er vísað frá dómi.

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður